

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Geirssonar
um þróun vaxtakostnaðar húsnæðislána.

1. *Hver er vaxtakostnaður íslenskra heimila af húsnæðislánum sl. 5 ár, sundurliðaður fyrir hvert ár á föstu verðlagi?*

Vaxtakostnaður af húsnæðislánum er í eftirfarandi töflu sem byggist á gögnum úr álagningarskrám ríkisskattstjóra. Um er að ræða vexti af lánum sem uppfylla skilyrði til vaxtabóta. Svarið er í milljónum króna á verðlagi ársins 2011.

2007	2008	2009	2010	2011
58.707	62.495	64.713	63.434	53.849

2. *Hver er vaxtakostnaðurinn áætlaður árið 2012?*

Í áætlunum sínum hefur ráðuneytið miðað við það að vaxtakostnaður árið 2012 verði álíka og hann var 2011. Til lækkunar koma ný fasteignalán umfram það sem greitt er af eldri lánunum og lækkun vegna verðbóta þeirra lána sem fyrir eru. Til lækkunar koma ýmsar aðgerðir til að leysa skuldavanda heimilanna.

3. *Hversu stór hluti vaxtakostnaðarins hefur verið endurgreiddur árlega sl. 5 ár? Fram komi í svarinu bæði heildarfjárhæð og hlutfall af heildarvaxtagjöldum húsnæðislána. Sjá eftirfarandi töflu. Svarið er í milljónum króna.*

	2007	2008	2009	2010	2011
Vaxtakostnaður	42.859	53.898	60.002	60.263	53.849
Vaxtabætur alls	6.653	10.016	11.343	18.295	14.585
Hlutfall	16%	19%	19%	30%	27%

